

Mál nr. 301/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging launþega.

Nafn vátryggingartaka (X)

Vinnuslys. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25. ágúst 2025 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 29. september 2025.

Málsatvik.

Í greinargerð M kemur fram að M hafi, hinn 16. júní 2023, orðið fyrir slysi við störf sín hjá X. Atvik hafi verið þau að M hafi runnið í baðkari við þrif þess og hlotið áverka á hægri hné. Vegna þeirra meiðsla hafi hún svo hrasað við að fara niður stiga á vinnustað sínum hinn 5. júlí 2025. Hinn 16. desember 2023, er hún var á leið til vinnu, hafi M svo lent í slysi í hálku og slasast enn frekar. Upp frá því hafi hún verið óvinnufær með öllu. V hafi, með bréfi dags. 13. júní 2025, hafnað bótaskyldu vegna slysanna dags. 16. júní og 16. desember 2023. Er þeirri afstöðu mótmælt enda séu skilyrði slyshugtaksins um að um skyndilegan og utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða uppfyllt. Sýni lækisfræðileg gögn þá fram á líkamstjón M og hafi slysin verið tilkynnt innan þess frests sem áskilinn sé í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Hvað slys M hinn 16. desember 2023 varði sérstaklega þá hafi atvik verið þau að M hafi dottið í hálku á leið til vinnu sinnar hjá X. Hafi hún lent illa á á mjöðm og rasskinn og slasast á hægri hné sem hafi eftir það verið mjög óstabilt og M þurft að sækja ýmsa meðferð vegna þess. Hafi X verið afhent lækisvottorð vegna þess slyss hinn 18. desember 2023 og þar hafi komið fram að M væri óvinnufær vegna afleiðinga þess. Afleiðingar þess vinnuslyss hafi verið sérlega umfangsmiklar.

Ein forsenda V fyrir höfnun á bótaskyldu sé sú að V og X telji ekki nægilegar sannanir fyrir slysunum. Er vísað til þess að slys M hafi ekki verið réttilega tilkynnt Vinnueftirlitinu til samræmis við áskilnað 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Miða verði við að rannsókn þess eða eftir atvikum X hefði varpað nánara ljósi á atvik, en vegna vanrækslu á tilkynningarskyldu verði að túlka allan vafa um þau M í hag.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að eftir endurskoðun á gögnum málsins fallist V á bótaskyldu vegna slyss M hinn 16. júní 2023, og sé því ekki ágreiningur um bótaskyldu vegna þess.

Hvað varði meint slys M hinn 16. desember 2023 telji V hins vegar ósannað M hafi orðið fyrir slysi á leið til vinnu. X hafi kallað eftir áverkavottorði vegna þess slyss en það hafi ekki borist, og hafi X ekki verið tilkynnt um meint atvik fyrr en lögmaður M hafði samband við mannauðsdeild þess þremur vikum síðar.

Álit.

Í málskoti er vísað til þriggja slysa M sem hafi atvikast 16. júní, 5. júlí og 16. desember 2023. V hefur undir rekstri málsins fallist á bótaskyldu vegna afleiðinga slyss sem M varð fyrir hinn 16. júní 2023. Virðist því ekki ágreiningur uppi um þann þátt málsins og kemur það atvik ekki til frekari umfjöllunar fyrir nefndinni. Af málskoti verður þá ekki ráðið að sjálfstæðar og sérstakar kröfur séu gerðar vegna slyss M hinn 5. júlí 2023, og af lækisfræðilegum gögnum málsins verður ekki skýrlega ráðið að sérstakar afleiðingar hafi orðið af því slysi, umfram þær sem M bjó þegar við vegna fyrra slyss síns.

Verður því að líta svo á að eftirstæður ágreiningur aðila varði aðeins það hvort M hafi orðið fyrir bótaskyldu slysi hinn 16. desember 2023. Í málskoti er aðeins að finna þá atvikalýsingu að M hafi dottið í hálku á leið til vinnu sinnar. Ekki er að finna neina sjálfstæða lýsingu M á atvikum né verður ráðið af gögnum málsins að nokkur vitni hafi orðið að meintu slysi. Í bráðamóttökuskrá vegna komu M þangað hinn 16. desember 2023 segir að M hafi leitað á bráðamóttöku „því hún dettur í strætó í gær á rassinn“ og virðist mega ráða af því að umrætt atvik hafi átt sér stað hinn 15. desember. Er þá m.a. lýst kvörtunum M yfir því að X hafi ekki tekið nægilegt tillit til ástands hennar eftir hið fyrra slys og að henni hafi verið gert að sinna mikilli líkamlegri vinnu. Virðist í þeirri komu annars frekar hafa verið horft til afleiðinga

slyssins 16. júní 2023 fremur en nýrra áverka. Fékk M þá fjarvistarvottorð vegna vinnuslyss vegna daganna 16. til 21. desember 2023. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga, sem send var af lögmanni M hinn 8. janúar 2024, kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi í desember 2023 þegar hún var á leið til vinnu sinnar hjá X og rann í hálku og slasaði sig á hægra hné. Eru því lýsingar á umræddu slysi nokkuð takmarkaðar, t.a.m. er varðar nákvæma tíma- og staðsetningu, en almennt tekur launþegatrygging aðeins til slysa sem verða á vinnustað eða á beinni leið í eða úr vinnu. Ber atvikalýsingum þess utan, eins og að framan greinir, ekki fyllilega saman.

Af framangreindu má ráða að M hafi líklega orðið fyrir byltu 15. eða 16. desember 2023, og að það atvik hafi mögulega aukið við eða ýft upp einkenni frá hægra hné hennar. Hins vegar verður ekki talið sýnt fram á að um vinnuslys í skilningi viðeigandi skilmála hafi verið að ræða. Af því verður M, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, að bera hallann og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar um bætur vegna þess atviks.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V vegna atviks dags. 16. desember 2023.

Reykjavík, 28. október 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir